

Bláir strákar og bleikar stelpur – um jafnrétti og valfrelsi barna

Öll viljum við að börnin okkar hafi sem mest frelsi til að rækta hæfileika sína og finna sína styrkleika í lífinu. Flestir foreldrar eru á því að hvort sem barnið er Ninjaaðdáandi, jazz-ballet dansari eða úkúleleikari þá skiptir mestu máli að það sé heilsteypur einstaklingur sem fylgir sínu eigin hjarta hvað varðar áhugamál, stíl og skoðanir.

Samt er það þannig að menningin í dag setur börnum ótrúlega miklar skorður hvað varðar einmitt þessi mál, eingöngu út frá kyni barnsins. Börnin fá sterk skilaboð um hvernig fatastill, hegðun, vinir og áhugamál eru viðeigandi fyrri fólk af þeirra kyni. Þetta heftir ekki aðeins persónufrelsi þeirra heldur getur leitt til þess að börn sem brjóta þessar óskrifuðu reglur verða fyrir einelti og öðru ofbeldi.

En hvernig getum við sem foreldrar unnið á móti þessu og stuðlað að persónufrelsi allra og virðingu fyrir fjölbreytileikanum?

1. Ræddu að allt fólk má vera eins og það sjálft kys hvað varðar útlit, stíl og áhugamál. Það á ekki á stríða eða setja út á að eitthvað sé „stelpulegt“ eða strákalegt“

- Ef þú átt strák sem elskar blátt og fótbolta og stelpu sem elskar prinsessur og bleikt, þá er það hið besta mál. Þau þurfa samt að vita að öll börn geta og mega velja sér eitthvað óhefðbundið og það er bara skemmtilegt og frábært!
- Ef þú átt barn sem vill fara óhefðbundnari leiðir, ekki hefta það! Vill 4 ára stelpa þín fá rakaðan á sig hanakamb – góð hugmynd! Vill strákurinn þinn safna hári og læra á fiðlu? Sniðugt!

2. Leyfðu barninu sjálfu að ákveða hverju það hefur áhuga á – ekki álykta út frá kyni þess

- Hér er frásögn foreldris tveggja barna, 4 ára stelpu og 6 ára drengs: „Ég fann kassa af stytum af kisum frá því ég var lítil niðri í geymslu. Óskaplega krúttlegar kisur af öllum stærðum og gerðum sem ég hafði safnað þegar ég var lítil. Ég ákvað strax að gefa dóttur minni kisu, hún hefði nú gaman af þeim! Það hvarflaði ekki að mér að hugsa til sonarins, enda hann óskaplega dæmigerður strákur sem leikur sér mest með bíla og flugvélar. Ég fór með kassann upp, opna hann og börnin koma strax aðvífandi. Ég er um það bil að fara að gefa dóttur minni stytusafnið þegar sonur minn hrópar upp yfir sig: Váááá! Þetta eru æðislegar stytur! Svo flottar og margar! Allar þessar sætu kisur!!! – ég var fljót að segja, já þetta er einmitt gjöf til ykkar beggja! Nú ári síðar deila þau enn kisuafninu og eru bæði afar ánægð með það“

3. Undirbúðu barnið fyrir að lifa og starfa í samfélagi þar sem fólk er alls konar hvað varðar kynhneigð og kynvitund

- Ræddu að fyrra bragði við barnið um ólíkar kynhneigðir fólk, notaðu t.d. tækifærið í kringum hinsegindaga í ágúst. Þannig lærir barnið að allt fólk á skilið virðingu og mun ekki óttast að þú munir ekki elska það ef það er samkynhneigt eða á annan hátt hinsegin.

4. Hafðu allt í boði, alltaf

- Þjóddu barninu þínu alls konar leikföng, áhugamál og föt. Keyptu dúkku fyrir drenginn og fjarstýrðan trukk fyrir stelpu. Ítrekaðu alltaf að öll flóran sé í boði fyrir barnið, jafnvel þó það sjálft velji sér „hefðbundin“ leikföng og klæðnað þá lærir það virðingu fyrir fjölbreytileikanum með þessum hætti. Það að velja sér leikföng, áhugamál, vini eða föt sem eru ekki hefðbundin fyrir þitt kyn er í góðu lagi.

5. Vertu fyrirmynd

- Brjóttu upp staðalmyndirnar á þínu heimili. Ef þú ert kona, boraðu þá í vegginn og færðu sófann. Ef þú ert karl, gerðu þá við gatið á úlpunni og bakaðu afmælistökuna. Þú gætir uppgötvað leyndan hæfileika eða nýtt áhugamál. Það kostar ekkert en gefur svo mikið að fara út fyrir þægindarammann! Það ryður brautina fyrir barnið þitt að þroska sína hæfileika og láta ekki kynið hefta möguleika sína.

Sjá nánari umfjöllun og heimildir hér: <http://reykjavik.is/ut-fyrir-boxid-hvernig-efla-ma-sjalfstraust-stelpna-og-vinna-gegn-hamlandi-stadalmyndum-i-lifi-barna>